

# Sestu lestu



## Geitur í garðinum

# Geitur í garðinu

ISBN: 978-9979-0-1979-4

© 2017 Guðmundur Ólafsson

© 2017 teikningar og myndasögur Árni Jón Gunnarsson

© Rétthafar ljósmynda:

Anna María Lind Geirsdóttir bls. 51 (Geitahjörð í Keldudal, Skagafirði)

Guðrún Lárusdóttir bls. 50 (Huðna með tvö kið)

Guðmundur Ólafsson bls. 48, 50 (Kiðlingur)

Jens V. Sigersted/Wikimedia Commons bls. 53 (Stytta eftir Carl Bonnesen)

Morgunblaðið/Ómar bls. 50 („Ísabella Ronja Benediktsdóttir stígur dans við tveggja mánaða kiðling“)

Shutterstock bls. 49, 52

Ritstjórn: Elín Lilja Jónasdóttir

Málfarslestur: Ingólfur Steinsson

1. útgáfa 2017

Menntamálastofnun

Kópavogi

Leturgerð meginmáls: Optima 14 pt.

Hönnun og umbrot: Menntamálastofnun

Prentvinnsla: Ísafoldarprentsmiðja ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja

Sestu  lestu

# Geitur í garðinum



Guðmundur Ólafsson  
Árni Jón Gunnarsson teiknaði myndir

# Efnisyfirlit

1. kafli . . . . .	5
2. kafli . . . . .	8
3. kafli . . . . .	12
4. kafli . . . . .	19
Myndasaga . . . . .	23
5. kafli . . . . .	24
6. kafli . . . . .	29
7. kafli . . . . .	33
Myndasaga . . . . .	38
8. kafli . . . . .	41
Viltu vita meira? . . . . .	48
Úrvinnsla . . . . .	54

# Sestu lestu



Í þessari sögu segir frá Sunnu og Nóa sem fá óvænt það hlutverk að passa þrjár geitur. Geiturnar láta ekki alltaf vel að stjórn og krakkarnir lenda í ýmsum ævintýrum.


Þú ættir að byrja á að skoða teikningarnar og velta fyrir þér söguþræðinum.

Í bókinni sérðu víða svona blöðrur. Þær eru til að þú **staldrir við** og hugsir um það sem þú varst að lesa.



Það er líka gott að rifja upp söguna að loknum lestri.

Aftast í bókinni eru fróðleiksmolar um geitur. Suma viltu kannski lesa oftar en einu sinni.





## Fyrsti kafli

Besti vinur minn heitir Nói. Við erum jafnaldrar. Eða jafnöldruð eins og Nói segir. Það er grín hjá honum.

Fjölskyldan hans Nóa er skemmtileg. Mamma hans vinnur alla daga við að grafa skurði á skurðgröfu en pabbi hans sér um heimilið. Eða réttara sagt, hann er alltaf úti í bílskúr að smíða eða grufla eitthvað merkilegt og sniðugt. Hann er nefnilega uppfinningamaður.

Hvað merkir  
að grufla?



Nói vinur minn segist vera af hinni frábæru Nóastaðætt. Pabbi hans Nóa heitir Nói og hann er líka Nóason. Þau kalla hann alltaf Gamla-Nóa og Nóa, vin minn, kalla þau Litla-Nóa. Til þess að ruglast ekki. Og afi hans, sem heitir auðvitað líka Nói Nóason, er kallaður eldri Gamli-Nói.

– Stundum finnst mömmu nóg komið af Nóum, sagði Nói vinur minn eitt sinn en bætti svo við að þetta væri nú hans arfleifð.

Já, hann talar stundum alveg eins og gamall karl úr sveit.

Eins og þið eruð örugglega búin að uppgötva þá er ég stelpa en ekki strákur. Og ég heiti hvorki meira né minna en Sunna Sól! Þá vitið þið það.

Hvað merkir  
arfleifð?



Sunna er auðvitað fínt nafn og Sól er líka fínt nafn. En saman eru þau svolítið sérstök.

Vitið þið hvað Sunna þýðir? Einmitt! Sunna er gamalt nafn sem þýðir einfaldlega – sól!

Ég heiti sem sagt í rauninni SÓL SÓL.

Þetta er eins og einhver hétí Sigríður Sigríður eða Frosti Ís, sem er örugglega til því foreldrar eru stundum svo klikkaðir.

Þegar ég er að æsa mig yfir nöfnunum mínum þá segir Nói alltaf að foreldrum mínum hafi bara fundist ég svo mikill sólar-geisli að þeim hafi þótt ég eins og tvær sólir!

Þvílíkt bull í einum dreng!



Af hverju finnst  
Sunnu Sól  
nafnið sitt vera  
sérkennilegt?



## Annar kafli

Húsið hans Nóa er gamalt og heitir Holt. Einu sinni var það úti í sveit en núna stendur það alveg yst í hverfinu okkar. Og það er ekki mjög nýttískulegt eins og hin húsin í kring sem eru alveg nýbyggð. Og garðurinn er algjör ævintýragarður. Þar er nefnilega alls konar dót sem Gamli-Nói safnar að sér til að nota í uppfinningarnar sínar.

Fjólublár barnavagn, sem hann breytti í sláttuvél, ryðgaður traktor, stýrishús af gamalli trillu og ýmislegt fleira sem gaman er að skoða og leika sér í.

En nágrannarnir eru víst ekki mjög ánægðir og segja að þetta sé bara ljótt drasl og rusl sem eigi að henda.

Hvers vegna eru nágrannarnir óánægðir?

Gamli-Nói hendir hins vegar engu. Hann segir að enginn hlutur sé svo illa farinn að ekki megi nota hann í glæsilegar uppfinningar. Það hljóti að vera betra að nota gamalt dót í nýjar uppfinningar en að henda því.

Af hverju vill Gamli-Nói ekki henda neinu?

Þegar ég kom að húsinu þeirra einn mánu-  
dagsmorgun síðasta sumar beið Nói við hliðið  
eins og venjulega. Hann spurði mig hvort ég  
væri til í að koma með honum og Gamla-Nóa  
í óvissuferð.

- Hvert eruð þið að fara? spurði ég.
- Það veit ég ekki, sagði Nói brosandi.
- Veistu það ekki?

– Nei, ef ég vissi það þá væri það engin óvissuferð!

Nú kom pabbi hans út úr húsinu og spurði hvort við værum tilbúin. Án þess að bíða eftir svari settist hann upp í gamla bílinn sinn og við Nói vorum ekki sein að stökkva upp í.

– Spenna beltin, sagði Gamli-Nói og setti bílinn í gang.

Hvað merkir  
*skrjóður*?

Bíllinn hans Gamla-Nóa er voðalegur skrjóður en honum þykir mjög vænt um hann og segir að hann sé besta rúgbrauð í heimi.



Já, svona bílar eru nefnilega kallaðir rúgbrauð og Gamli-Nói segir að það sé vegna þess að þeir séu í laginu eins og stórt rúgbrauð. Ég veit ekki hvort það er rétt hjá honum eða hvort hann er bara að grínast.



Við keyrðum út úr bænum og vorum óralengi á leiðinni vegna þess að Gamli-Nói keyrir MJÖG hægt og er sífellt að skoða allt í kringum sig. Ég held að hann sé ekkert sérstaklega góður bílstjóri.

– Erum við kannski að fara upp í sveit? spurði ég.

– *Fara upp í sveit að hitta gamla geit, söng Gamli-Nói og hló.* Það kemur allt í ljós, ungfrú góð. Kemur allt í ljós.

Af hverju heldur Sunna að Gamli-Nói sé ekki góður bílstjóri?



## Þriðji kafli

En loksins beygði Gamli-Nói út af veginum og upp að stóru húsi sem húkti einmana uppi í fjallshlíð. Bíllinn hristist allur því nú var ekkert malbik lengur, bara holóttur og mjór moldarvegur.

Þegar við komum nær húsinu kom maður út um dyrnar og beið eftir okkur. Gamli-Nói steig út úr bílnum og þeir heilsuðust.

– Þú hefur bara komið með aðstoðarmenn, sagði maðurinn þegar hann sá okkur Nóa birtast. Hann var mjög gamall, með staf og hattkúf á höfðinu. Maður sá eiginlega ekkert í andlitið á honum því hann var með svo mikið skegg.

– Heilsað honum Tómasi, krakkar, kallaði Gamli-Nói og benti okkur á að koma.

Við heilsuðum og Gamli-Nói sagði honum hvað við hétum.

Svo spurði Tómas hvort við vildum ekki líta á gripina.

Við Nói fylgdum körlunum eftir þegar þeir gengu upp fyrir húsið.



Þá heyrðum við kindur jarma. En þegar við komum fyrir húshornið sáum við að þetta voru ekki kindur. Þetta voru GEITUR! Tvær geitur sem voru að bíta gras. Nei, ÞRJÁR geitur! Því ég sá að lítil geit var búin að klifra upp í gamlan, ónýtan jeppa og sat í sætinu eins og bílstjóri.

Við Nói urðum svo hissa að við stóðum bara og göptum.

Þegar geiturnar tvær sáu okkur hættu þær að bíta grasið og komu hlaupandi til okkar. Hornin á þeim voru alveg risastór. Mér leist ekkert á þetta. Ætluðu þær að stanga okkur?

En þær hlupu til Tómasar og Gamla-Nóa sem klöppuðu þeim vingjarnlega.



Hvers vegna varð  
Sunna hrædd við  
geiturnar?



– eru þetta geitur? spurðum við Litli-Nói í kór.


Þetta var nú dálítið asnaleg spurning hjá okkur því auðvitað sáum við að þetta voru geitur! Við höfðum bæði séð geiturnar í Húsadýragarðinum.

– Geitur eru það, skinnin mín, sagði Tómas gamli og klappaði stærstu geitinni. Má ég kynna ykkur fyrir nýjustu meðlimum Nóafjölskyldunnar? Hér er herra Breki, þetta er frú Brák og bílstjórinn í jeppanum heitir Gvendólína.

– Vá! eigum við þessar geitur? stamaði Litli-Nói út úr sér.

Pabbi hans hló og hristi höfuðið.

– Ég þarf að fara á spítala í nokkra daga, sagði Tómas, og hann Gamli-Nói ætlar að vera svo almennilegur að taka þær og passa fyrir mig á meðan.



Af hverju þurftu geiturnar að fá pössun?

Skyndilega hoppaði litla geitin niður úr jeppanum og kom í loftköstum til okkar Litla-Nóa og stangaði í fótinn á mér.

– Á! Hún var með pínulítill horn upp úr höfðinu og það var dálítið sárt að fá þau beint framan á legginn.

– Gvendólína vill greinilega leika við okkur, sagði Nói.

Ég klappaði henni varlega en þá tók hún á rás hoppandi og skoppandi og ég gat ekki annað en farið að hlæja, hún var eitthvað svo kát og fjörug. Hún hljóp að buxum sem hengu þarna á snúru og reyndi að hoppa upp í þær. En þær voru of hátt uppi svo hún varð að gefast upp.

Hvað merkir  
að taka á rás?



Stóru geiturnar voru farnar að nudda saman hornunum.

– Eru þær að slást? spurði Litli-Nói.

– Nei nei, þau eru bara að láta vel hvort að öðru, sagði Tómas.

– Eru þetta pabbi og mamma Gvendólínu?

– Einmitt, sagði Tómas gamli og svo sagði hann okkur að kvengeit væri kölluð *huðna*, karlgeitin kallaðist *hafur* og litla geitin, afkvæmi þeirra, væri ...

– Kiðlingur! sagði ég, því ég hafði einhvern tíma lesið bók um kiðling.

– Alveg rétt, sagði Tómas.


– Kiðlingur, hafur og hu ... hu ...?

– Huðna, sagði Litli-Nói. Það er nú dálítið skrítið orð.

Ég skoðaði stóru geiturnar betur.

– Ertu viss um að þetta séu ekki tveir hafrar? spurði ég svo.

– Af hverju heldurðu það? spurði Tómas.



Hvað kallast kvengeit?  
En karlgeit?

– Af því að þær eru báðar með skegg, sagði ég og benti á hártoppna sem héngu neðan úr hökinni á þeim.


– Nei, huðurnar eru líka með skegg, bara ekki alveg eins sítt og hafrarnir.

– Hafurinn er samt ekki með eins mikið skegg og þú, sagði Litli-Nói brosandí.

– Nei, ég er með flottasta skeggið, sagði Tómas gamli og klóraði sér íbygginn í skegginu. Ég er nefnilega alltaf í nýjustu tísku!

Af hverju hélt Sunna að stóru geiturnar væru tveir hafrar?

Hvað er að vera íbygginn?





## Fjórði kafli

Nú hjálpuðumst við að við að koma geitunum upp í bílskrjóðinn. Það var ekki sérlega auðvelt en tókst að lokum eftir mikið basl. Sérstaklega virtist hafrinum Breka lítast illa á að fara í ferðalag. Hann streittist á móti en Gamli-Nói stóð í bílnum og tosaði í hornin og við Litli-Nói ýttum á rassinn á honum af öllu afli. Og þá gekk það.

En um leið og hafurinn var kominn upp í bílinn hoppaði Gvendólína kiðlingur út og hljóp uppfyrir húsið.

Meðan Tómas og Gamli-Nói pössuðu að foreldrarnir strykju ekki úr bílnum eltum við Nói Gvendólínu. Hún hélt greinilega að við værum að leika við sig og hoppaði og skoppaði út um allt.

En loksins tókst okkur að króa hana af. Eftir töluvert puð náðum við að grípa hana og koma henni með samstilltu átaki inn í bílinn. Gamli-Nói var ekki lengi að skella hurðinni aftur.

Svo kvöddum við Tómas gamla og ókum af stað niður holóttan veginn. Geitunum leist greinilega ekkert á allan þennan hristing og lögðust niður. Sennilega höfðu þær aldrei áður ferðast í skröltandi rúgbrauði.

Gamli-Nói var í góðu skapi og byrjaði að syngja hástöfum:

*Ólafía, hvar er Vigga?*

*Ólafía, hvar er Vigga?*

*Hún er upp í sveit að elta gamla geit.*

*Ólafía, hvar er Vigga?*

Gvendólína kunni greinilega vel að meta sönginn því allt í einu stakk hún höfðinu á milli framsætanna og jarmaði sitt eigið lag í kapp við Gamla-Nóa.

En svo kárnaði gamanið, því hún klifraði á milli framsætanna og hlammaði sér í fangið á Gamla-Nóa!

Gamla-Nóa brá svo mikið að hann var næstum því búinn að keyra út af veginum og ofan í skurð.



Hvers vegna var Gamli-Nói næstum búinn að keyra út af?

Hann bremsaði snögg. Sem betur fer vorum við Nói í bílbeltum því annars hefðum við hlunkast fram í bílgluggann.



– Nú munaði mjóu, sagði Gamli-Nói. Þessi kiðlingur kann greinilega ekki umferðarlögin.

Við Litli-Nói gátum í sameiningu komið Gvendólínu aftur til foreldra sinna sem voru staðnir á fætur og skildu ekkert í þessum látum.

Þegar við keyrðum svo aftur af stað lögðust geiturnar á gólfið og Gvendólína hjúfraði sig að mömmu sinni.

BAAA  
SKRANS  
AAAH!  
a a R g







## Fimmti kafli

Ferðin gekk vel en þegar við nálguðumst hverfið okkar hægði Gamli-Nói allt í einu á ferðinni og stöðvaði síðan bílinn.

– Sjáiði! sagði hann og benti. Þetta er aldeilis listaverk.

Þarna var kona sem var að mála risastóran regnboga á heilan húsgafl. Hún var búin að mála gula, rauða, appelsínugula og græna rönd og nýbyrjuð á blárri.

En nú gall við hávært bíflaut. Og svo annað og enn eitt. Það var eins og stór bíla-lúðrasveit væri allt í einu byrjuð að spila.

Þegar við kíktum út sáum við heila bílaröð fyrir aftan okkur. Gamli-Nói hafði nefnilega stansað á miðri götunni og bílarnir komust ekki framhjá okkur.

Geiturnar voru staðnar á fætur og jörmuðu órólega. Þær kunnu greinilega ekki að meta þessa tónleika.

Og nú bættust fleiri bíflautur í flautusveitina. Þetta var orðinn alveg svaklegur hávaði. En Gamli-Nói bara starði á regnbogann og virtist ekki taka eftir neinu.

Allt í einu var bankað á rúðuna hjá honum og hann hrökk við. Þar fyrir utan stóð reiðileg kona. Gamli-Nói renndi niður rúðunni og ætlaði að fara að segja eitt-hvað en hún varð fyrri til.



Hvers vegna ætli konan hafi verið reið?

- Hvað ert þú eiginlega að gera?  
sagði hún æst.
- Ég var bara að skoða þennan fallega regnboga, sagði Gamli-Nói elskulega og benti á listaverkið.
- Og heldurðu að þú getir bara stoppað hér úti á miðri götu til að skoða einhvern regnboga?
- Já, ég fékk nefnilega hugmynd að frábærri uppfinningu, sagði Gamli-Nói.  
Konan var mjög hneyksluð. Og nú byrjuðu bílstjórnarnir aftur að flauta.
- Ég er að flýta mér og hef ekki tíma til að ...  
Konan þagnaði og hrökk aftur á bak þegar hafurinn Breki stakk hausnum fram milli sætanna og jarmaði.
- Hva? Hva? Hún gat varla talað, hún var svo undrandi.
- Ertu með geit í bílnum!?
- Þá stökk Gvendólína upp á bakið á pabba sínum og klífraði fram í sætið til okkar Nóa.

– OG kiðling!

Konan hætti nú allt í einu að vera reið og varð öll eitt bros.

– Ég hef alltaf verið svo hrifin af geitum, sagði hún. Sérstaklega kiðlingum.

Nú flautuðu bílarnir.

– Já, já, rólegir bara, kallaði konan. Það liggur ekkert á! Þau eru með geitur!

Svo stakk hún höfðinu inn um gluggann til að geta betur skoðað geitafjölskylduna.

En þegar bílstjórnir fóru enn einu sinni að flauta og kalla þá klappaði hún Gvendólínu og kvaddi um leið og hún þakkaði Gamla-Nóa innilega fyrir að leyfa sér að sjá þessar fallegu geitur.

Síðan keyrðum við aftur af stað með halarófu af bílum á eftir okkur.



Af hverju skipti konan skapi og varð glöð?

Þegar við komum heim til Nóa rákum við geiturnar inn í garðinn og þær byrjuðu undir eins að bíta grasið.

Gamli-Nói fór strax inn í bílskúrinn sinn og virtist alveg hafa gleymt geitunum.

– Nú er hann að fara að finna eitthvað upp, sagði Litli-Nói, og þá hugsar hann ekki um neitt annað. Við verðum þá bara að sjá um geiturnar.

– Já, en ég veit ekkert um geitur, sagði ég.


– Ekki ég heldur, sagði Nói og brosti.


Við bara gerum okkar besta svo þeim líði vel meðan þær eru hjá okkur.

Og þá var ég, Sunna Sól

Þorvaldsdóttir, orðin geitahirðir!

Hvernig ætli  
Sunnu finnist að  
passa geiturnar?





## Sjötti kafli

Næstu daga vaknaði ég eldsnemma til að fara til Litla-Nóa. Ég var svo spennt að hitta geiturnar að ég hljóp næstum alla leið og var orðin alveg lafmóð. Maður verður nefnilega að fara upp bratta brekku síðasta spölinn að húsinu hans Nóa.

Einn morguninn þegar ég kom fyrir hornið á húsinu stóð Litli-Nói þar með græna garðslöngu og sprautaði beint á mig!

– Ó, ó, ó! sagði Nói og beindi bununni frá mér og ofan í stóran járnþala.

– Fyrirgefðu, sagði hann svo og brosti, því honum fannst örugglega skemmtilegt að ég skyldi hafa orðið fyrir vatnsbununni.

– Allt í lagi, sagði ég, því ég hafði miklu meiri áhuga á geitunum heldur en því hvort ég blotnaði aðeins.

Breki og Brák komu nú hlaupandi til mín og reyndu að komast ofan í brauðpokann sem ég var með. Þær vissu nefnilega að ég kom alltaf með smávegis af brauði handa þeim. Og það fannst þeim gott.

Þau fengu sitthvora brauðsneiðina.

– Hvar er Gvendólína?

– Hún er þarna inni, sagði Nói og benti á gamla stýrishúsið í garðinum.

Þegar ég gæggðist þangað inn sá ég að Gvendólína lá þar og hjá henni tvær hænur!




Hvað er  
stýrishús?



Já, alveg rétt, ég hef ekki sagt ykkur að Gamli-Nói er með hænur. Yfirleitt eru þær í hæsnakofanum en stundum er þeim hleypt út til að spígspora í garðinum. Við Litli-Nói förum þá og náum í eggin sem þær hafa orpið.

Einu sinni var líka hani. En þegar hann byrjaði að gala sitt gagga-la-gú klukkan fjögur á nóttunni þá urðu nágrannarnir mjög fúlir og kærðu Gamla-Nóa til löggunnar. Þeir sögðu að það væri ekki hægt að sofa fyrir hanagali.

Sá eini sem heyrði ekki galið var Gamli-Nói vegna þess að hann svaf alltaf með tappa í eyrunum. En því miður sagði löggan að hann mætti ekki vera með hana sem vektí fólk eldsnemma og Gamli-Nói varð að gefa hanann frá sér.




Af hverju þurfti Gamli-Nói að gefa hanann frá sér?

Þegar Gvendólína sá mig stóð hún upp frá hænunum og kom til mín. Og eins og venjulega rak hún litlu hornin sín í mig og eins og venjulega var það dálítið sárt.

Ég veit núna að svona lítil horn eru kölluð hnýflar. En svo stækka þau og Gvendólína fær alveg jafn stór horn og foreldrar hennar.

Skyndilega stökk önnur hænán upp á Gvendólínu sem tók á rás með hana um garðinn. En þegar hún fór líka að hoppa og skoppa þá leist hænunni ekki á blikuna og flögraði burt.





## Sjöundi kafli

Það var glaðasólskin þegar ég nálgaðist húsið  
snemma morguns næstsíðasta daginn sem  
geiturnar áttu að vera í pössun. Ég var líka í  
sólskinsskapi og söng hástöfum lagið um hana  
Ólafíu og geitina. En þá kom Litli-Nói þjótandi  
út um hliðið.

– Þær eru farnar! sagði hann óðamála.  
– Ha?  
– Geiturnar eru farnar!  
– Áttu þær ekki að fara á morgun? spurði ég.  
– Nei, þú skilur ekki. Það hefur einhver  
skilið hliðið eftir opið og nú eru þær stroknar!  
Komdu!

Litli-Nói hljóp af stað og ég á eftir honum.  
Við vorum bara rétt lögð af stað niður götuna  
þegar við heyrðum skyndilega mikil óp úr  
garði nágrannans.

– Nei! Nei! Nei! æpti einhver kona. Burt!  
Burt! Sigurður! Sigurður, komdu strax!  
Það eru geitur!

Við hlupum inn í garðinn og stönsuðum  
þegar við sáum hvað var að gerast. Geiturnar  
stóðu þar við dúkað borð hlaðið brauði, áleggji,  
snúðum og fleira góðgæti.

– Sigurður! hrópaði kona sem  
stóð rétt hjá borðinu. Það eru geitur!  
Burt með ykkur!

Hún veifaði höndunum og reyndi að reka þessa óvelkomnu gesti frá borðinu. En hún var greinilega hrædd við geiturnar því hún þorði ekki að koma mjög nálægt þeim.

Gvendólína litla reyndi að ná til sín einhverju af kræsingunum en borðið var of hátt fyrir hana. Þá stökk hún upp á stól og þaðan klifraði hún upp á borðið og byrjaði að éta blóm sem stóðu þar í blómavasa.

– Nei! stundi Litli-Nói.

Hvernig brást konan við geitunum? Af hverju?



Konan hljóp að dyrunum en um leið kom maður út úr húsinu. Hann var bara á nærbuxum!

– Hvaða voðaleg hræðsla er þetta alltaf við geitunga, sagði maðurinn.

– Nei, nei! Þa ... það eru geit ... geit ... stamaði konan.

– Þú þarft nú ekki að fara á taugum þó það séu einhver geitungagrey á sveimi.

Svo þagnaði hann og glápti furðu lostinn á morgunverðargestina.

– Hva? Hva? stamaði hann. Geitur!

– Já! Geitur! sagði konan hans. Og þær eru að borða morgunmatinn okkar!

Um leið beit Breki í dúkinn og togaði í hann svo allt sem á honum var, þar á meðal Gvendólína, hrundi út af borðinu.




En nú tók maðurinn undir sig stökk og hljóp æpandi að borðinu.

– Burt! Skammirnar ykkar! Burt!




Hvaða misskilningur var á milli mannsins og konunnar?



Við Nói hlupum líka til. En geiturnar höfðu styggt við þessi læti og stukku hver í sína átt svo úr varð heljarmikill eltingarleikur. Maðurinn reyndi að ná í afturendann á Brák en við það datt hann endilangur á magann. Þegar hann var að brölta aftur á fætur kom Breki hlaupandi og stangaði í rassinn á honum svo hann flaug aftur á magann og rann alveg út í blómabeð!







En nú tókst okkur Nóa að koma geitunum út úr garðinum og rákum þær upp götuna að húsinu hans Nóa. Maðurinn kom hlaupandi á eftir okkur, eldrauður í framan, og kallaði að þetta væri ekki búið. Hann myndi kæra þetta til lögreglunnar!

Konan hans kom í garðshliðið og kallaði á hann.

– Sigurður! Láttu ekki sjá þig svona! Þú ert á brókinni, maður!

Okkur tókst loksins að koma geitunum inn í garðinn og loka hliðinu. Gvendólína var enn með blóm í munninum.

– Heldurðu að löggan komi? spurði ég.


– Ég er hræddur um það, sagði Nói áhyggjufullur. Þetta var alveg svakalegt.

– En samt svolítið hlægilegt, sagði ég.

– Já, svolítið, sagði Nói og svo fórum

við að skellihlæja við tilhugsunina um geiturnar við morgunverðarborðið.

Af hverju  
heldur Nói að  
lögreglan komi?



## 8. kafli

En við hættum fljótlega að hlæja því nú kom nágrenninn askvaðandi. Hann var kominn í buxur og var greinilega bálreiður.

Hann byrjaði að skamma okkur en þá heyrðist rosalegur hávaði innan úr bílskúrnum. Svo opnuðust dyrnar og Gamli-Nói birtist útataður í málningu. Eða sko, andlitið á honum og hárið var allt grænt og gult en vinnugallinn hans blár og rauður.

Þegar hann var búinn að þurrka mestu málninguna af gleraugunum sínum leit hann upp.

– Sælt veri fólkið, sagði hann. Það er fína veðrið í dag.

– Hvað er eiginlega að gerast hér? spurði nágranninn.

– Ég var að prófa randa-málningar-sprautuvélina mína en ég þarf greinilega að fínstilla hana aðeins, sagði Gamli-Nói.

– Randa-málningar-sprautu-vél! hváði nágranninn furðu lostinn.


– Já, það er vél sem ég set allskonar málningu í og

svo þegar ég sprauta málningunni úr

vélinni þá býr hún til flottar mislitar rendur.

– Svona eins og regnboga? spurði ég.

Hvar ætli Gamli-Nói hafi fengið hugmyndina að vélinni?



– Já, einmitt. Ég ætti kannski að kalla þetta regnbogavél? Það er ábyggilega gott í auglýsingar.

– Búa eintómir vitleysingar hérna? sagði nágranninn.

– Ha? Nei, það held ég ekki, sagði Gamli-Nói vingjarnlega.

– Fyrst er það bandbrjálaður hani sem heldur fyrir manni vöku og svo geitur sem eyðileggja morgunmatinn manns og skíta svo að garðurinn er fullur

af spörðum! Nú fer ég og hringi í lögregluna.


Svo haltraði hann burt með höndina við rassinn.

– Ósköp liggur eitthvað illa á mannum, sagði Gamli-Nói.

Við sögðum honum hvað hefði gerst í garði nágrannanna.



Hvað eru spörð?



– Ja, ekki er það gott, sagði Gamli-Nói. En sem betur fer þá kemur Tómas heim af spítalanum á morgun og þá förum við með geiturnar aftur í sveitina.

Svo gekk hann að útisturtunni sem var í garðinum hjá þeim, skrúfaði frá krananum og stóð síðan undir bununni í öllum fötunum og söng mjög hátt og mjög falskt eitthvað óperulag.

– Pabbi syngur alltaf í sturtu, sagði Litli-Nói til útskýringar.

Hvað merkir  
að *syngja*  
*falskt*?

Það var mjög skrítið en líka skemmtilegt að sjá málninguna renna niður eftir Gamla-Nóa. Hann var eiginlega sjálfur eins og regnbogi. Eins og syngjandi regnbogi.

Eldsnemma daginn eftir fórum við með geiturnar aftur út í sveit til Tómasar gamla. Þær voru greinilega ánægðar að sjá hann og hann líka glaður að hitta þær.

Þegar við fórum voru þær í óða önn að éta brauð sem ég gaf þeim í kveðjuskyni.





Tveir lögregluþjónar höfðu komið daginn áður og talað við Gamla-Nóa um að ekki væri leyfilegt að vera með geitur inni í borginni. Gamli-Nói sagði þeim að hann væri að fara með þær heim til sín morguninn eftir. Hann sagðist líka ætla að gefa nágrönnunum egg úr hænunum sínum í sárabætur fyrir tjónið sem geiturnar hefðu valdið.



Hvernig ætlaði  
Gamli-Nói að bæta  
nágrönnunum  
tjónið?

Löggurnar voru ánægðar með þessi svör og gáfu sér meira að segja tíma til að klappa geitunum og kíkja á hænurnar áður en þær kvöddu. Ég held að þær hafi öfundað Gamla-Nóa svolítið af því að hafa þessi dýr í garðinum hjá sér.

Að minnsta kosti fannst mér skemmtilegt að annast geiturnar þrjár en kannski eiga þær frekar heima úti í sveit heldur en inni í bæjum.

Af hverju eiga  
geitur betur heima  
í sveit en inni í  
bæjum?



Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Geitur komu til Íslands með landnámsmönnum en í dag eru fáar geitur hér á landi, innan við eitt þúsund.

Geitur éta ýmiss konar plöntur, t.d. lauf og trjábörk, gras og lyng en þiggja líka matarleifar og fóðurbæti.

Liturinn á geitum er afar fjölbreyttur. Þær geta verið hvítar, rjómagular, svartar, gráar, brúnar eða flekkóttar.

Huðna

**Huðna:** kvenkyns geit  
**Hafur:** karlkyns geit  
**Kiðlingur:** afkvæmi geita  
**Snoppa:** nef  
**Dindill:** stutt rófa  
**Spörð:** geitaskítur  
**Klauf:** tvískipt tá  
**Klaufdýr:** dýr sem hafa tvískipta tá  
**Hyrndur:** dýr sem hafa horn eru hyrnd  
**Kollótt:** dýr sem hafa engin horn eru kollótt  
**Hnýflótt:** hornin eru bara litlir nabbar



*Geithafur*

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Kiðin eru mjög fjörug og hoppa og skoppa út um allt. Þau eru forvitin og finnst gaman að leika sér.



Huðna eignast oftast einn eða tvo kiðlinga. Hún er því annað hvort einkkiða eða tvikiða. Huðnan gengur með afkvæmin í 149 daga.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



*Geithafur á ferð með huðnum og kiðlingum.*

- Geitamjólk þykir mjög holl og er góð fyrir fólk sem er magaveikt eða þolir illa kúamjólk og sojamjólk.
- Úr mjólkinni er búinn til geitaostur.
- Kjötið er notað til matar og ullin í fatnað.

Líftími geita er um 15 ár.

Viltu vita meira?

Viltu vita meira?



Í Marokkó klifra geitur upp í tré og gæða sér á hnetum.

Geitur eru mjög fótvissar og hafa gott jafnvægi. Þær eru sprettharðar og geta hoppað hátt. Geitur eru einu **jórturdýrin** sem geta klifrað í trjám.

**Jórturdýr:** dýr sem tyggja fæðuna tvisvar. Fæðan fer nánast ótuggin í vömbina og síðan berst hún í smáskömmtum upp í munn dýrsins sem tyggur hana og kyngir svo aftur. Þetta ferli kallast jórtur.

# Viltu vita meira? Viltu vita meira?



Þrumuguðinn Þór ferðaðist um í vagni sem var dreginn af tveimur höfnum sem hétu Tanngnjóstur og Tanngrisnir. Þór gat drepð hafrana og borðað þá eins oft og hann vildi. Þegar hann var búinn

að borða safnaði hann beinum hafranna saman á skinnin og sveiflaði hamrinum Mjölni yfir beinin. Þá lifnuðu geithafrarnir við og gátu haldið áfram að draga vagn Þórs.


# Spjallið saman og rifjið upp söguna



- Hvað heita aðalpersónurnar?
- Hvernig er söguþráðurinn?
- Hvað fannst ykkur myndið eða merkilegt í sögunni?
- Hver gæti boðskapur sögunnar verið?




Gott er að styðjast við tímalínu.



Sunna Sól veltir fyrir sér hvort geitur ættu kannski betur heima í sveit heldur en í bæjum.

- Hvað finnst ykkur?
- Rökstyðjið svarið.





## Finnið samheiti orðanna

Samheiti eru orð sem merkja það sama. Ef ykkur finnst erfitt að finna samheitin þá getið þið leitað að þeim á blaðsíðunum sem gefnar eru upp.

## Samsett orð

Úr hvaða orðum eru þessi orð samsett?

- skurðgrafa
- morgunverðarborð
- garðslanga
- regnbogavél
- lögregluþjónar
- mánudagsmorgun



Skóðið vefinn

um íslensku húsdýrin  
á [www.mms.is](http://www.mms.is)



# Sestu lestu

Áður eru komnar út í flokknum



Bækurnar eru líka til sem rafbækur  
á vefsíðu Menntamálastofnunar  
[www.mms.is](http://www.mms.is)

Sestu  lestu

# Geitur í garðinum

*Geitur í garðinum* er sjöunda bókin í flokknum *Sestu og lestu*.

Efnið hentar börnum á yngsta og miðstigi grunnskólans sem hafa náð tókum á undirstöðuatriðum lestrar. Því er ætlað að vekja lestrargleði og áhuga og kynna fyrir börnum mismunandi framsetningu texta.

Aftast í bókinni eru nokkur viðfangsefni sem ætlast er til að börnin vinni saman og ræði.

Höfundur er Guðmundur Ólafsson.  
Myndir teiknaði Árni Jón Gunnarsson.



MENNTAMÁLASTOFNUN

040020

